

62

16. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 65 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfestur eftirfarandi viðauki við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp nr. 65, 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

1. gr.

Aftan við 23. gr. heilbrigðissamþykktarinnar bætist:

Óheimilt er að breiða þorskhausa og annan fiskúrgang á tún og óbyggðar lóðir kaupsins fyrir neðan línu, er dregin sé beint frá ofanverðri Leirgróf að fiskhúsi Halldórs Jónssonar á Götuhúsakampi og niður að fyrirhugaðri Ægisgötu.

Fiskúrgang, sem notaður er undir þökur, verður að tyrfa strax.

Bannað er með öllu að kasta slori, eða öðrum óhreinindum á bakkann eða í fjöruna frá Presthúsakampi inn að Jaðri, nema þar sem heilbrigðisnefnd ákveður.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júní 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

63

20. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað frá 22. júní 1927.

4. málsgrein 2. greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 63
20. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs, á skipulagsskrá fyrir Enghlíðingasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1932. Skipulagsskráin er þannig: 64
23. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Enghlíðingasjóð.

1. gr.

Enghlíðingasjóður er myndaður af verði fyrir jörðina Blöndubakka að upphæð kr 5500,00, og er eign Enghlíðarhrepps í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta íbúum Enghlíðarhrepps sveitargjöldin og í framtíðinni að efla framfarir sveitarinnar.

3. gr.

Enghlíðarhreppur leggur 5500 kr. í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir af höfuðstólnum leggjast við hann í næstu 25 ár. Að þeim tíma liðnum má verja helming vaxtanna í þarfir sveitarinnar, en hinn helmingurinn skal jafnan lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir hreppsnefnd Enghlíðarhrepps undir yfir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Skal hreppsnefndin eftir að farið er að eyða vöxtunum árlega gera reikning yfir sjóðinn, og skal farið með endurskoðun hans og samþykkt eins og sveitarsjóðsreikningsins.

5. gr.

Venjulegast skulu hálfir vextirnir — eftir að þeir koma til útborgunar — verða tekjur sveitarsjóðsins. Þó getur hreppsnefnd með samþykki almenns